

# Fundargerð

108. aðalfundur Heimilisiðnaðarfélags Íslands  
haldinn þann 5. maí 2021 kl. 19.30 í streymi á Zoom

Dagskrá fundarins var samkvæmt lögum félagsins.

**1. Setning aðalfundar**

Margrét Valdimarsdóttir formaður félagsins setti fundinn kl. 18:10 og bauð fundarmenn velkomna auk þess að útskýra að kosningaréttur fundarmanna hefði verið kannaður fyrir fundinn.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á aðalfund sem var með óvenjuilegu sniði, en fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði (Zoom), vegna aðstæðna. Í húsnæði HFÍ voru auk formanns, stjórn, fundarstjóri og Snæfríður tæknistjóri.

**2. Kynning á fundarstjóra**

Formaður tilnefndir Álfheiði Árnadóttur sem fundarstjóra.

**3. Fundarstjóri skipar fundarritara**

Fundarstjóri tilnefndi Birnu Guðmundsdóttur sem fundarritara.

**4. Fundarstjóri gefur yfirlýsingu um lögmæti fundar.**

**5. Skýrsla stjórnar og starfsnefnda.**

**Skýrsla stjórnar var fyrst á dagskrá, flutt af formanni félagsins, Margréti Valdimarsdóttur.**

## Skýrsla stjórnar starfsárið 2020-2021

Í stjórn sátu: Margrét Valdimarsdóttir formaður, Kristín Vala Breiðfjörð varaformaður, Ólöf Engilbertsdóttir gjaldkeri, Ívar Ólafsson ritari, Guðný Ingibjörg Einarsdóttir meðstjórnandi og Anna Sigríður Kristjánsdóttir varamaður. Auk þess var Sólveig Jóna Jónasdóttir kosin varamaður á síðasta aðalfundi en hún baðst lausnar af persónulegum ástæðum í upphafi stjórnartímabilsins.

Á tímabilinu voru haldnir 13 stjórnarfundir. Margir fundanna voru að hluta eða öllu leyti fjarfundir.

**Áhrif Covid:** Starfsárið sem nú er að líða hefur sannarlega verið frábrugðið því sem venjulegt má teljast. Heimsfaraldur Covid-19 hefur sett mark sitt á alla starfsemi en samkomutakmarkanir hafa haft mikil áhrif á allt starf félagsins. Mikil röskun varð á námskeiðahaldi með tilheyrandi tekjutapi og nefndarstarf sem jafnan er blómlegt hefur að mestu leyti legið niðri. Þá hafa samkomur sem jafnan eru haldnar af ýmsum tilefnum hafa ekki verið mögulegar.

**Námskeiðahald:** Mikil áhugi er á handverki en því miður hefur námskeiðahald verið skrikkjótt síðustu þrjár annir með tilheyrandi tekjutapi. Það er mikið tilhlökkunarefni þegar því tímabili lýkur og námskeiðahald kemst í fyrra horf. Af þeim 86 námskeiðum sem voru á dagskrá árið 2020 voru 38

námskeið feld niður. Skv. ársreikningum er tekjutap námskeiða á milli áranna 2019 og 2020 rúmlega 4 milljónir króna og liggur því í augum uppi að slíkt tekjutap hefur veruleg áhrif á reksturinn. Í samantekt sem gerð var fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið var áætlað að tekjutapið væri enn meira eða um 6 milljónir króna og byggði það mat á þeim námskeiðum sem sett höfðu verið á dagskrá og vonir stóðu til að yrðu haldin. Mikil vinna, sem ekki skilar tekjum, hefur falist í að endurskipuleggja, endurskrá og endurgreiða. Mikil meðbyr er hins vegar með námskeiðahaldi og því full ástæða til að horfa til bjartsýni til haustsins.

**Prjónakaffi:** Heimilisiðnaðarfélagið hefur staðið fyrir mánaðarlegu prjónakaffi frá árinu 2007.

Samkomutakmarkanir gerðu það að verkum að ekki var mögulegt að halda hefðbundið prjónakaffi á starfsárinu. Brugðið var á það ráð nú eftir áramótin að nýta tæknina. Þrjú prjónakaffikvöld hafa verið haldin í streymi á netinu og fjölluðu tvö þeirra um **Skotthúfu frú Auðar**, eitt um **Knípl** en það fjórða og síðasta um **Krossaum Karólínu** verður á dagskrá annað kvöld. Þó fátt komi í stað raunverulegrar samveru þá eru aðrir kostir við að miðla efni á netinu til að mynda næst til stærri hóps en áður engu að síður hlökkum við til að fá hefðbundið handverkskaffi aftur á dagskrá – gaman að fá líf í húsið.

**Frestun verkefna vegna Covid:** Norrænu þjóðbúningaþingið sem HFÍ tekur þátt í að skipuleggja og sem vera átti í Reykholti í sumar hefur verið frestað til sumarsins 2022. Einnig hefur norrænum ungmennabúðum sem upphaflega átti að halda í Danmörku sumarið 2020 verið frestað um eitt ár enn, þ.e. til sumarsins 2022.

### **Af öðru ótengdu COVID!!!**

**100 ára saga HFÍ:** Í lok október gaf Sögufélag út bókina **Handa á milli – Heimilisiðnaðarfélag Íslands í 100 ár** eftir Áslaugu Sverrisdóttur sagnfræðing. Með verkinu rættist langþráður draumur um að koma sögu félagsins á prent. Áslaug vann að verkinu, með hléum, frá afmælisárinu 2013 og er óhætt að segja að vel hafi tekist til. Samstarfið við Sögufélag var einstaklega ánægjulegt og á það lof skilið fyrir einstaklega metnaðarfulla útgáfu þar sem engu var til sparað. Því miður gafst ekki tækifæri til að fagna útgáfu bókarinnar eins og tilefni var til, en hér er um að ræða faglegt rit sem stenst tímans tönn og því ástæða til að gleðjast lengi enn.

**Krossaumur Karólínu:** Nú á vormánuðum opnar sýningin **Karólína vefari** á Árbæjarsafni um Karólínu Guðmundsdóttur (1897-1981) sem um áratuga skeið rak vefstofu við Ásvallagötu í Reykjavík. Sýningin á sér nokkuð langan aðdraganda en hún er unnin í samstarfi Borgarsögusafns og Heimilisiðnaðarfélagsins og mun standa yfir í þrjú ár. Félagsmenn aðstoðuðu við ýmist verk tengd sýningunni, svo sem að greiða úr kniplflækjum á kniplbretti, setja upp vefstól, greiða úr hespum og aðstoða á ýmsan annan hátt. Auk þess er hluti sýningagripa munir sem áður voru varðveittir hjá félaginu en eru nú komnir í varanlega geymslu Árbæjarsafns. Í tilefni af sýningunni hefur félagið hafið framleiðslu á útsaumspakningum með munstrum Karólínu. Lára Magnea Jónsdóttir textílhönnuður var fengin til verksins og hefur hún af einstakri þekkingu og smekkvísi valið munstur og útfært í nýtískulegt samhengi. Afraksturinn eru 17 mismunandi útsaumspakningar sem án efa munu falla í góðan jarðveg handavinnuáhugafólks því vinsældir útsaums fara ört vaxandi. Þess má til gamans geta

að þær Karólína og Lára Magnea hafa báðar gengt formannsembætti HFÍ, sú fyrrnefnda á árunum 1923-1927 en sú síðarnefnda á árunum 2007-2009. Sala á þremur útsaumspakkingum hófst nú 3. maí og munu þær nú ein af annarri koma í sölu. Til kynningar á verkefninu tekur HFÍ þátt í Hönnuarmars sem haldið verður í lok maí (19.-23. maí) og heldur sýningu, og hefur pakkingarnar til sölu, í Aðalstræti 10 sem er í umsjón Borgarsögusafns. Ráðgert er að pakkingarnar verði til sölu hjá HFÍ, Borgarsögusafni og í helstu hannyrðaverslunum um land allt auk þess sem vefverslun gerir mögulegt að selja pakkingarnar um allan heim. Útsaumspakkingarnar munu vonandi verða örugg tekjulind til langs tíma en verkefni af þessu tagi byggir á ómældri vinnu bæði hönnuðar og sjálfbóðaliða. Vil ég hér nota tækifærið og þakka þeim sem lagt hafa hönd á plóg kærlega fyrir framlagið.

**Nútímavæðing reksturs:** Frá áramótum var bókhaldsþjónusta flutt frá Bókhaldsstofunni, sem þjónað hefur félaginu vel undanfarin ár, til bókhaldsþjónustunnar Rassvasi ehf. Þessi flutningur er hluti af nútímavæðingu rekstursins sem m.a. felst í afgreiðslukerfi frá DK fyrir verslun auk hagræðis af ýmsu sem tengist félagatali og viðskiptum félagsmanna. Með þessu má segja að félagið stefni hröðum skrefum inn í 21. öldina (þó fyrr hefði verið!).

**Bjart framundan:** Í efnahagskreppum, eins og þeirri sem fylgt hefur heimsfaraldrinum, vex jafnan áhugi á handverki. Fyrir því eru margvíslegar ástæður. Má þar nefna að fólk hefur meiri tíma til að sinna hugðarefnum sínum, svo sem handverki. Manneskjan sækir í þá ró og sálarfrið sem felst í því að skapa með eigin höndum og þörfin fyrir að fara betur með vex. Í þessu felst að áhuginn á öllu því sem Heimilisiðnaðarfélag Íslands stendur fyrir fer vaxandi og er því ástæða til að horfa til næstu missera með bjartsýni.

Fh. stjórnar Margrét Valdimarsdóttir

---

## Skýrsla fastanefnda;

### Skýrsla Funda- og fræðslunefndar 2020-2021, Kristín Vala Breiðfjörð flutti.

**Funda og fræðslunefnd** skipuðu frá seinasta aðalfundi eftirfarandi aðilar:

Ásta Kristín Siggadóttir

Sigrún Sól Sólmundsdóttir

Anna Jóna Kristjánsdóttir

Sigurlaug Helga Jónsdóttir

Auður Theodórsdóttir

Er skemmst frá því að segja að á nefndarkvöldinu síðastliðið haust ríkti nokkur bjartsýni og héldum við að við gætum haft fyrirlestra og þessháttar með því að virða tveggjemetra reglu og grímuskyldu, en þá voru fjöldatakmarkanir okkur í hag en Adam var ekki lengi í Paradís og þriðja Covid-bylgjan skall á okkur af fullum krafti skömmu síðar svo allt starf nefndarinnar hefur legið niðri þetta árið.

En við gefumst ekki upp þótt á móti blási og vonumst til að næsta starfsár verði okkur öllum hliðhollara og að við getum staðið fyrir einhverju skemmtilegu. Þar má nefna haust/vorferð, sem að var reyndar í burðarliðnum vorið 2020 þegar fyrsta covidbylgjan tók af okkur völdin. Aldrei að vita nema við dustum rykið af þeim áætlunum og drífum okkur út úr bænum við fyrsta tækifæri, nýbólusett og fín.

Í von um skemmtilegt og viðburðaríkt og pestarfrítt starfsár framundan.

F.h. Funda- og fræðslunefndar, Auður Theodórsdóttir.

---

### **Skýrsla Safnanefndar 2020-2021, Álfheiður Árnadóttir flutti.**

Nefndina skipuðu:

Anna Málfríður Jónsdóttir

Ívar Ólafsson

Karen Tómasdóttir

Sigrún Sigurgestsdóttir

Snæfríður Jóhannsdóttir

Safnanefnd hittist einu sinni á starfsárinu en vegna aðstæðna varð ekki af frekara fundahaldi eða vinnu í nefndinni. Vonandi bætist úr því á næsta starfsári.

---

### **Skýrsla Skólanefndar 2020-2021, Auðna Ágústsdóttir flutti.**

Skólanefndina skipuðu:

Auðna Ágústsdóttir

Auður Bergsteinsdóttir

Guðrún Kolbeins

Guðrún Ólafsdóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Á síðastliðnu ári mæddi lítið á skólanefndinni. Skrifstofa félagsins var önnur kafin við að bóka og afbóka, þátttakendur og kennara, taka við greiðslum og endurgreiða. Mörg af þeim námskeiðum sem voru fyrirhuguð en ekki var hægt að halda frestast til næstu annar.

Framtíðaráform skólanefndar eru fólgin í eftirfarandi atriðum:

Leita eftir nýjum leiðbeinendum. Fjölga þarf kennurum í þeim námsgreinum sem þegar eru til staðar. Markmiðið er bæði að dreifa álaginu á fleiri kennara í vinsælum námskeiðum og eiga möguleika á mismunandi nálgun við sama viðfangsefni. Kennarar þurfa að hafa menntun, reynslu og áhuga.

Fjölga árlega nýjum námskeiðum eins og gerðist þegar það kom inn hattasamur, litafræði og fléttun hrosshárs, svo dæmi séu nefnd. Hvað rekur á fjörur okkar er ekki vitað en við höfum augastað á útsaumi vefnaði og endurnýtingu.

Efna til stuttra námskeiða eða örnámskeiða sem gætu laðað að nýja þátttakendur. Dæmi um hugmyndir að örnámskeiðum eru ráðgjöf um að breyta notuðu í nýtt, endurvinnsla á efni og frumlegar viðgerðir.

Tengja námskrána fjöldaviðburðum eins og „þrjónakvöld“ þar sem kennarar á námskeiðum eftir 1-2 mánuði gæru komið og sagt frá og sýnt viðfangsefni. Með rafrænum fundum er slík nálgun orðin auðveldari.

F.h. skólanefndar Auðna Ágústsdóttir

---

## **Skýrsla Ritnefndar fyrir Hug og hönd, Álfheiður Árnadóttir flutti.**

Ritnefndina skipuðu:

Bjargey Björgvinsdóttir

Edda Hrönn Gunnarsdóttir

Guðrún Hadda Bjarnadóttir

Kristín Þórarinsdóttir

Lára Magnea Jónsdóttir

Ritnefndin náði góðum fyrsta fundi strax síðasta vor. Sá fundur var mikilvægur til að nefndarmenn næðu að kynna og reifaða hugmyndir að efni í blaðið. Það var eins gott þar sem fundir voru ekki margir fyrir en eftir áramót þ.e.a.s. augliti til auglitis.

Við teljum okkur skila áhugaverðu og skemmtilegu blaði í vor. Því miður náðist það ekki úr prentun fyrir aðalfund en meðal efnis eru greinar um Kantarkápu frá Hólum, Kakalaskálann í Skagafirði, ofnar andlitsmyndir úr Aðaldal, Karólínu vefara og Kingu.

Þessi ritnefnd hefur líka velt ýmsu upp m.t.t til framtíðar. Má þar nefna starfsramma eða reglur. Að hver ritnefnd sé ekki að finna upp hjólið mt.t. gæðakrafna efnis, hvernig efni er skilað, reglur um heimildir og ýmislegt annað sem kemur að frágangi blaðsins.

Einnig höfum við rætt hugmyndir um að skipuleggja efni nokkur ár fram í tímann. Þannig yrðu fastir liðir sem einfaldar vinna hverju sinni.

Það er mikilvægt að félagsmenn leggi okkur til hugmyndir um efni, þetta er jú blaðið okkar. Auðvelt er að koma til okkar hugmyndum eða á skrifstofu HFI. Einnig væri gott að vita af góðum pennum sem væru fúsir til að skrifa fyrir Hug og Hönd.

F.h. ritnefndar, Edda Hrönn Gunnarsdóttir.

---

### **Skýrsla Verslunarnefndar, Ólöf Engilbertsdóttir flutti.**

Verslunarnefndina skipuðu:

Anna Stefanía Magnúsdóttir

Ásta Sigfúsdóttir

Edda Árnadóttir

María Sif Magnúsdóttir

Ólöf Engilbertsdóttir

Nefndin kom aðeins að þökkun á Karólínu útsauminum núna í vor.

Í framtíðinni langar nefndina að taka virkan þátt í að efla netverslunina. Þar eru tækifærin. Við eigum meðal annars eftir að taka litlu stöku myndirnar úr riddarateppinu og koma í söluvænni þakningar. Við þurfum að vera vel vakandi yfir því hverskonar handverk er vinsælt og koma okkur vel á kortið sem fyrsti kostur þegar leitað er að fallegru handavinnu til eigin nota eða gjafa.

F.h. verslunarnefndar, Ólöf Engilbertsdóttir.

---

### **Skýrsla viðburðanefndar (Prjónakaffi), Álfheiður Árnadóttir flutti.**

Framtíðarsýn prjónakaffinefndar HFI.

Prjónakaffinefndin leggur til óbreytta starfsemi eins og undanfarin ár. Vera með kynningar t.d. kynna Karólínu á fyrsta kvöldinu í haust og tengja þannig sýninguna áfram gæti verið fróðlegt.

Síðan var ýmislegt sem við ræddum á fundinum eins og að fá konur sem eru að lita garn til að koma og sýna og selja það hefur alltaf gefist vel og einnig konur sem eru að gefa út prjónabækur á síðasta ári eins og bókina um heimferðasettin og Unu bókina og einnig vettlingabókina. Það væri áhugavert að fá höfundana til að koma og kynna þetta.

Þá væri einnig hægt að vera með kynningar á ýmsu handverki - ekki prjóni - og jafnvel eitthvað sem hægt væri að gera á einni kvöldstund. Okkur datt ýmislegt í hug sem væri hægt að skoða. Við sjáum fyrir okkur svipaða fundi og hafa verið, góðan anda notalega kvöldstund og áhugavert innlegg á fundina og ekki gleyma gott og holt meðlæti með kaffinu.

Nefndin hefur einnig áhuga á meiri samvinnu við stjórn félagsins.

Fyrir hönd nefndarinnar, Álfheiður Árnadóttir.

---

**Skýrsla uppstillinganefnd. Nefndin skilar ekki skýrslu þar sem hún sér um tilnefningar í nefndir.**

---

## **6. Gjaldkeri félagsins leggur fram endurskoðaða reikninga og skýrir þá.**

Gjaldkeri flutti ársreikninga félagsins. Fram kom að sl. ár var mjög erfitt þar sem námskeið voru felld niður og hefur það áhrif á fjárhag félagsins.

## **7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga.**

Skýrsla stjórnar og gjaldkera var samþykkt samhljóða.

## **8. Lagabreytingar**

Ekki hafa verið lagðar fram tillögur að lagabreytingum.

## **9. Kosning til aðalstjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna, skv. 10. gr.**

### Stjórn:

Formaður:	<b>Kristín Vala Breiðfjörð</b>
Varaformaður:	<b>Anna Sigríður Kristjánsdóttir, (til eins árs)</b>
Meðstjórnandi:	<b>Ólöf Engilbertsdóttir</b>
Varamaður:	<b>Solveig Jónsdóttir</b>
Varamaður:	<b>Rán Sturlaugsdóttir, (til eins árs)</b>

Í stjórn eru fyrir – valin 2020:

Meðstj.: Ívar Ólafsson

Meðstj.: Guðný Ingibjörg Einarsdóttir

## **10. Kosning fastanefnda skv. 17. gr.**

Skólanefnd:

**Guðrún Ólafsdóttir**

**Jóhanna Magnúsdóttir**

Í skólanefnd eru jafnframt – valdar 2020:

Auðna Ágústsdóttir

Auður Bergsteinsdóttir

Guðrún J. Kolbeins

Fræðslu og fundanefnd:

**Anna Sigríður Hróðmarsdóttir**

**Anna Jórunn Stefánsdóttir**

**Sigurlaug Helga Jónsdóttir**

Í fræðslu og fundanefnd eru fyrir – valdar 2020:

Anna Jóna Kristjánsdóttir

Auður Theodórsdóttir

Verslunarnefnd:

**María Sif Magnúsdóttir**

**Ólöf Engilbertsdóttir**

Frá aðalfundi 2020 eru í verslunarnefnd:

Anna Stefanía Magnúsdóttir

Ásta Sigfúsdóttir

Edda Árnadóttir

Ritnefnd:

**Bjargey Björgvinsdóttir**

**Lára Magnea Jónsdóttir**

**Ástþrúður Sif Sveinsdóttir**

Í ritnefndinni eru líka – valdar 2020:

Edda Hrönn Gunnarsdóttir



Kristín H. Þórarinsdóttir

Handverksskaffinefnd:

**Guðfinna Skúladóttir**

**Birna Guðmundsdóttir**

Í handverksskaffinefndinni eru fyrir frá aðalfundi 2020:

Álfheiður Árnadóttir

Jóhanna Freyja Björnsdóttir

Kolbrún Þorlákssdóttir

Safnanefnd:

**Sigrún Sigurgestsdóttir**

**Ívar Ólafsson**

**Ásgrímur Einarsson**

Í safnanefndinni eru fyrir frá aðalfundi 2020:

Anna Málfríður Jónsdóttir

Snæfríður Jóhannsdóttir

Uppstillingarnefnd:

**Oddný Kristjánsdóttir**

Frá aðalf. 2020 eru í uppstillingarnefnd:

Solveig Theodórsdóttir

Ívar Ólafsson

Skoðunarmenn reikninga:

Aðalmaður: **Lilja Guðmundsdóttir**

Aðalmaður: **Anna Margrét Björnsdóttir**

Varam.: **Hólmfríður Hilmarsdóttir**

Varam.: **Solveig Theodórsdóttir**

## 11. Ákvörðun um félagsgjöld næsta árs sbr. 3. gr.

Margrét Valdimarsdóttir formaður lagði til að árgjald færi úr 7500 í 8000 kr. Félagar eru nú rúmlega 800 en áskrifendum Huga og handa fer fækkandi en þeir eru um 350 talsins. Margrét telur að betur megi gera að vera í samvinnu við aðra skóla og ákveðið var á síðasta sarfsári að ungt fólk 25 ára og yngri greiði hálf talsins. Þessi ákvörðun hefur farið lág í ljósi aðstæðna. Tillaga Margrétar að árgjald verði 8000 var samþykkt.

## 12. Önnur mál

Margrét formaður sagði frá því að þetta væri seinasti aðalfundur hennar, þar sem hún hættir nú störfum eftir formennsku í 6 ár. Telur hún að þetta kosningafyrirkomulag formanns, þ.e. 2ja ára seta í að hámarki 3 kjörtímabil sé gott. Tíminn er ákveðinn fyrirfram og gott að setja sér markmið með það í huga. Margrét sagði félagið standa vel, mikill áhugi er á námskeiðum sem í boði eru, og áhugi á útsaumi hefur aukist. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður í samfélaginu þá hefur tæknin komið sér vel í að kynna handverk og hönnun á þessum tíma.

Kristín Vala nýkjörinn formaður, þakkaði Margréti vel unnin störf og voru henni færð blóm og ritverk um meistara Kjarval.

Umræða var um sumarnámskeið fyrir börn, sem haldin hafa verið í byrjun ágúst. Stjórn hefur ekki ákveðið hvort af þeim námskeiðum verður, en það verður auglýst nánar.

Kristín Vala nýkjörinn formaður kvaðst hafa verið í stjórn sl. 3 ár og varaformaður sl. ár. Hún býr fyrir norðan, og er fráfarandi formaður Þjóðháttafélagsins Handraðans.

Fundarstjóri þakkaði Margréti fyrir vel unnin störf og sleit fundi kl. 20.45.  
Birna Guðmundsdóttir, fundarritari.